

University of London

**EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS**

**For The Following Qualification:-**

*B.A.*

**Scand. Studs. SC4180: Degree-level Modern Icelandic**

**COURSE CODE : SCAN4180**

**UNIT VALUE : 1.00**

**DATE : 03-MAY-06**

**TIME : 10.00**

**TIME ALLOWED : 3 Hours**

**Answer ALL questions.**

**A. (40%) Read the following text carefully and answer questions 1-3 below in your Answer Book:**

Ég rumska þegar suðið í bílnum slokknar, þegar hreyfingin hættir. Heiður hefur lagt eins nálægt ævintýralóninu og hægt er að komast. Túrkisbláir jakar lýsa af innra flúoresent ljósi á samlitu vatni, glampandi sól á jökulbungu, svartur mökkur handan dimmblárra tinda, og himinglufan hefur tekið lit af jökum og vatni, svo allt er eins blátt, jakar, himinn og lón. Bátur liggur við festar, albúinn að sigla milli jaka og nudda sér upp við þá. Selur stingur upp haus eins og sæbarinn hnnullungur og sekkur jafnharðan.

Hvítur mökkur yfir sjó. Milli okkar og sjávar er mjó spöng úr sandi. Yfir hana liggur brú sem fljótið úr lóninu streymir undir.

Nú viðrum við okkur, svefnþurkur. Þið eruð nú meiri ferðafélagarnir. Ekki fæ ég  
10 neitt að sofa.

Þú vissir að hverju þú gekkst þegar þú bauðst til þess að keyra okkur.

Drífðu þig út, Edda, og réttu úr þér.

Látiði mig í friði, segir Edda og breiðir dúnþoka upp fyrir haus.

Ég kem mér niður á jörð með vel undirbúnnum tilfærингum, stirð eftir setuna í  
15 bílnum, illfær af strengjum, einkum í innanlærisvöðvum, eftir öflug myrkraverk með manni sem ég þekki ekki. Ég ætla að leggja metnað minn í að muna ekki hvað hann heitir. Hann var indæll meðan á því stóð.

Síðasti ferðahópur sumarsins starir á mig margeygður með alþjóðleg höfuðföt: ennisbönd, skíðahúfur, lambhúshettur, rauðar dúskhúfur, leðurkúfa, úr gluggum á hálfri  
20 rútu sem sumir kalla kálf og er lagt á hlaði framan við sjóppu sem var ekki hér síðast þegar ég fór hringveginn. Jafnvel útlendingum finnst ég nýstárleg. Þeir gleyma sér og glápa á mig eins og ótíndir Íslendingar þótt þeim hafi verið innþrentað öllum með tölu að það séu ekki mannasiðir. Og er ég þó ekki lengur á hvítum buxum og mokkasínum, heldur í strigaskóm og ljósbláum gallabuxum, líkari venjulegu fólki.

25 Ég brenni niður að fjöruborði lónsins eins hratt og ástand ganglima leyfir. Sandbornir jakarnir mara með svampáferð. Það brakar í ísmassanum þegar þeir klofna frá

móðurjöklinum. Brestir magnast í öræfakyrrðinni og búa til hljóðverk með undirspili hins nálæga hafs, sem sýnir skaftfellska háttvísi og fer með spekt.

Jöklaloftið ætlar lungun að æra, þau hefjast og hnígá í brattri kæti. Ef ég næði  
30 Eddu út úr bílum hér mundu hin mjúku blóðríku lungu sjúga í sig jöklasúrefnið og hressa við lifur og nýru svo þau skildu eitrið og ruglið út á svipstundu. Eftir stæði unglungur sem hefði farið í andlega nýrnavél og þyrfti ekki að hafa áhyggjur af honum meir.

Ég hlýði djöfullegum seiði lónsins og breyti mér í glæstan kvenboga sem stingur  
35 sér til sunds meðal sprellandi jaka. Þegar ég er rétt að skella á hinu lokkandi yfirborði verður mér mál furðu brátt og ég tæti stirðfætt að sjóppu þar sem ég næ áfangastað í þar tilgerðum klefa með hurðarskelli áður en slys hlýst af.

Síðasti kálfur ársins er farinn og alþjóðlegu höfuðfötin. Hér er ekkert nema okkar bíll og einn til, bíll starfsfólksins sjálfsagt. Ef mér hefði ekki orðið svona mál synti ég nú í  
40 lóninu eins og hver annar jaki sem hefði brotnað úr móðurjöklinum. Jökullinn er auðvitað kvenkyns hvort sem hann skríður fram eða hreykir sér til himins. Ekki víst að allir átti sig á því.

HÁKARL OG BRENNIVÍN, 400 KRÓNUR. BLACK DEATH AND SHARK, 400 CROWNS. Þetta líkar mér. Pulsulaus sjóppa við rætur stærsta jöklus í álfunni. Ég  
45 ætla að gæða mér á þjóðarréttum án þess að spryja drottnera mína úr bílum. Fá mér snafs þó það sé ekki komið hádegi. Það hefur ekki gerst oft áður á ævinni, kannski aldrei. Það er gott. Best að sem flest gerist sem ekki hefur gerst áður.

Þegar Heiður kemur inn eftir smárúnt á strönd lónsins situr vinkona hennar við  
50 borð og rýnir út um gluggann í jöklabokuna, gráan eim sem leikur um blálýsta jaka við jökulrönd. Ég er að klára snafssinn og á eftir two hákarlsteningu. Heiður hlassar sér niður og spryr forviða: Hvað ertu eiginlega með?

Brennivín og hákarl.

Er í lagi með þig?

Já, ég fann bara að þetta var það sem ég þurfti.

55 Þú ert byrjuð að impróvísara dáldið hressilega Harpa míð, nótt og nýtan dag.

Ættirðu ekki að samgleðjast?

- Jú kannski. Ef það væri ekki svona mikil ammoníakstybba af hákarlinum.
- Hún breytist í innvortis ilm. Og reyndu ekki að taka bensín á bak við mig.
- Ég slöngva þrjú þúsund krónum á borðið. Heiður horfir grimmdarlega á mig og
- 60 segir: Þú ert til vandræða Harpa.
- Ég held ekki áfram með þér nema þú takir þetta.
- Heiður stendur upp, tekur peningana, hristir höfuðið. Gengur að búðarborðinu. Ég veit nákvæmlega hvað hún hyggst fyrir. Fá sér kaffi og eplaköku með rjóma sem einnig er auglýst í einum pakka á krónur þrjúhundruð. Hafi maður þekkt fólk nógu lengi verður
- 65 hver minnsta hreyfing fyrirsjáanleg, hvað það étur, hvenær það hneykslast, hvað það þarf oft á klósett.
- Í þessu dýrðarskýli á eyðisandi þar sem sold eru póstkort lopapeysur og hákarl vildi ég una ævi minnar daga, horfa út á lýsandi lónið og túristabátinn sem nú hvílir á þurru landi í bið eftir síðustu siglingu ársins.
- 70 Það gæti ég hugsað mér, að hefja hvern einn af dögum mínum á siglingu um lónið með jökonum sem hafa áferð svamps, en botna með málmhljóði, að hlusta á brestina magnast í miklu sólskini og horfa á jakana klofna, bráðna, snúa sér í hring og sjá til þess að ásýnd lónsins er ekki söm frá einni mínútu til þeirrar næstu. Á milli siglinga gæti ég horft út á haf og beðið skipa sem leggjast ekki að landi af því það er engin höfn.
- 75 Úr því ég er byrjuð vildi ég langhelst halda áfram og hakka í mig meira af andstyggilegasta rétti á jarðríki, kæstum hákarli sem stinkar af ammoníaki eins og maður hafi rekið nefið inn í frystiklefa, með versta snafsi í heimi, íslensku brennivíni. Af þessari fæðu verður maður hæfilega baneitraður til þess að takast á við dautt og lifandi fólk, óferjandi sama hvorum megin hryggjar það liggur.
- 80 Heiður étur svo hratt að mér verður bumbult að horfa á hana. Rannsóknir sýna að það er meðfætt hversu hratt fólk tekur til sín fæðu. Það er huggun í því.
- Er ekki gott að vinna hér? spyr ég afgreiðslustulkuna um leið og ég geng.
- Hún horfir á mig heimóttarleg og segir að það sé gott þegar það sé hæfilega mikið að gera. Hins vegar sé aldrei hæfilega mikið að gera því allt komi í hópum svo
- 85 annaðhvort sé fullt út úr dyrum eða ekki nokkur hræða.
- Er ekki vinsæll hjá ykkur hákarlinn?

Íslendingar vilja hann náttúrlega ekki af því þeir vita hvernig hann er á bragðið. Af útlendingum eru það helst Þjóðverjar sem þora að prófa af því þeir vilja fá sem mesta reynslu fyrir peningana sína. Það er víst kallað á ensku: *the full experience*.

## 1. Text comprehension

Answer questions (a)–(e) below in complete Icelandic sentences, using your own words:

- (a) 'Hann var indæll meðan á því stóð' (line 17). Hvað á sögukona við?
- (b) 'og glápa á mig eins og ótíndir Íslendingar' (line 22). Hvað er átt við með þessu?
- (c) Hvaða hlutverki gegnir landslagið í textanum?
- (d) Af hverju er jökullinn 'auðvitað kvenkyns' (line 41)?
- (e) Af hverju ætti sögukona vilji una ævi sinnar daga í 'þessu dýrðarskýli á eyðisandi' (line 67)?

## 2. Language

Explain in Icelandic the meaning of the following words/expressions (a)-(e) from the text:

- (a) rumska (line 1)
- (b) sæbarinn (line 6)
- (c) nýstárleg (line 21)
- (d) 'verður mér mál' (line 36)
- (e) gæða sér á (line 45)

## 3. Style

Answer questions (a)–(b) in Icelandic:

- (a) Athugaðu helstu stfleinkenni textans, s.s. setningaskipan og myndmál.
- (b) Athugaðu orðanotkun í textanum, s.s. forna orðanotkun, erlend orð og talmál.

**B. (20%) Free commentary.**

**Write a brief piece in Icelandic in your Answer Book (about 250 words) expressing your own opinion on ONE of the following issues raised in the text:**

- (a) Sambandið milli ferðamanna og innfæddra.
- (b) Náttúran sem ‘andleg nýrnavél’.

**C. (40%) Write an essay in Icelandic on ONE of the following topics:**

- (a) Trúarbrögð: jákvætt eða neikvætt afl í nútímafjölmenningsarsamfélagi?
- (b) Hlutverk ætternis og ættarsögu í nútímalífi.
- (c) Skyldunafnskírteini: kostir og gallar.
- (d) Álver á Íslandi: efnahagsleg nauðsyn eða skammsýn græðgi?
- (e) Táknrænt hlutverk þjóðarfæðu.
- (f) Vetrarkvíðni.